
Minnisblað

Dagsetning: 29. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi endurskoðaðar tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 2. desember 2020.

Þann 18. nóvember 2020 tók gildi reglugerð nr. 1105/2020 um takmörkun á samkomum innanlands vegna COVID-19 sem gildir til og með 1. desember 2020. Þann 18. nóvember 2020 tók einnig gildi önnur reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar (nr. 1106/2020) og gildir hún sömuleiðis til og með 1. desember.

Frá því að fyrrgreindar reglugerðir tóku gildi hafa verið sveiflur í COVID-19 faraldrinum. Faraldurinn minnkað fljótt og sendi ég minnisblað til heilbrigðisráðherra 25. nóvember þar sem ég viðraði nokkrar tillögur um tilslakanir á takmörkunum frá og með 2. desember. Í minnisblaðinu setti ég einnig fyrirvara þar sem að ég áskyldi mér rétt til að endurskoða þessar tillögur ef breytingar yrðu á faraldsfræði COVID-19.

Eftir að minnisblaðið var skrifað þá hafa einmitt orðið verulegar breytingar á COVID-19 faraldrinum hér á landi. Upp hafa komið hópsýkingar og hefur daglegum fjölda tilfella fjölgað frá þremur til fjórum upp í allt að 20.

Í ljósi þessara breytinga og þeirri staðreynd að fjöldi þeirra sem greinist utan sóttkvíar virðist stefna í línulegan vöxt og hugsanlegan veldisvöxt þá legg ég til eftirfarandi frá og með 2. desember 2020:

- Minnisblað mitt frá 25. nóvember sl. verði dregið til baka.
- Takmarkanir innanlands eins og þær eru fram settar í reglugerð nr. 1105/2020 verði áfram í gildi a.m.k næstu eina til tvær vikur.
- Takmarkanir í skólahaldi eins og þær eru fram settar í reglugerð nr. 1106/2020 verði áfram í gildi a.m.k. næstu eina til tvær vikur.